

Eyjafjarðarsveit
b/t Vigfús Björnsson
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 9. apríl 2019
UST201903-252/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Grýtubakkahrepps 2010 - 2022 – nokkrar breytingar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grýtubakkahrepps er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingum á aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022 á nýu stöðum innan sveitarfélagsins.

Skipulagssvæðið

Ofangreind tillaga felur í sér breytingu á skipulagi á alls nýu stöðum í sveitarfélaginu, þar sem á Borgum og Áshól verða byggð frístundahús, á Grýtubakka 1 verða reist gistihýsi og gistihús, á Grýtubakka 2 verða reist gistihýsi og gistiskáli, á Heiðarbrún er óskað eftir heimild fyrir gistihúsi, í Ártúni er gert ráð fyrir gistihýsum, á Nolli verður gert ráð fyrir gistihúsi og frístundahúsum, á Skælu verður gert ráð fyrir hóteli og innan þéttbýlis á Grenivík verður gert ráð fyrir landbúnaðarsvæði.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að Borgir, Grýtubakki 1 og 2, Ártún, Áshóll og Nollur liggja að svæði sem er á náttúruminjaskrá og nefnist Lónin og Laufáshólmar og er númer 513 sem aðrar náttúruminjar. Á svæðinu er fjölbreytt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf. Umhverfisstofnun bendir á að spói (*Numenius phaeopus*) og heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) eiga sér búsvæði í þeim vistgerðum sem eru innan svæðisins og eru fuglategundir sem eru ábyrgðategundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif aðalskipulagsbreytinganna á ásýnd svæðisins og hvort að breytingarnar þar sem við á, hafi neikvæð áhrif á búsvæði fuglanna og verndargildi náttúruminja.

Umhverfisstofnun vill benda á að svæðið sem breytingartillagan nær til er á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og kallast Laufás. Umhverfisstofnun

bendir á að upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og á kortasjánni <https://natturuminjaskra.ni.is/>.

B-hluti er framkvæmdaáætlun nátturuminjaskrár þ.e. skrá yfir þær nátturuminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum og því ekki verið samþykktar, en það er mat stofnunarinnar að mikilvægt er að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki.


Mat á umhverfisáhrifum

Í breytingartillögunni er fjallað um svæði sem fela í sér einhvers konar ferðapjónustu, þar sem gert er ráð fyrir gistihýsi, gistiskála, gistihúsum og hótél.

Umhverfisstofnun bendir á að þessi svæði falla mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.


Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillögurnar falli undir ofangreindan lið.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur